

Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 23

Dags: 27.4.2022 kl.17.00

Fundur númer: 202

Mætt: Hilmar (formaður), Ágústa (aðalmenn), Sigtryggur (aðalmenn), Anita (varamaður), Benjamin (framkvæmdastjóri), Þura (rekstrarstjóri). Vantar: Valdimar (aðalmenn), Emil Bjartur (varamaður) og Jonni (aðalmenn).

Dagskrá

1. **Aðalfundur**
2. **Foreldraráð**
3. **Fundagerðir**
4. **Önnur mál**

1. **Aðalfundur**

Aðalfundur verður haldinn 18.maí í sal ÍSÍ. Huga þarf að þeim lagabreytingum sem er vilji til að koma á framfæri á fundinum fyrir þann tíma, eins og að það sé áheyrnarfulltrúi í stjórn á aldrinum 18-25 ára. Stefnt er á að auglýsa aðalfund á morgun og óska eftir framboðum í formannssæti og 2 stjórnarmannasæti, þau sem Hilmar, Diddi og Jonni sitja í. Framboð þurfa að berast með viku fyrirvara. Skoðunarmenn þurfa að fara yfir ársreikning og samþykkja hann fyrir fundinn. Kynna þarf félagagjaldið betur og verður það gert á aðalfundi.

2. **Foreldraráð**

Í framhaldi af stækkandi félagi ætti að skoða það hvort það ætti að setja upp foreldraráð, unglingaráð og barnaráð.

3. **Fundagerðir**

Fundagerðir ættu að fara á heimasíðu, ritari sendir fundagerðir á alla, síðan þurfa allir að samþykkja fundagerðirnar áður en þær eru skannaðar inn.

4. **Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi lokið kl.17.25.

Fundaritari: Anita